

Nr. 1/1882.

Jón Ó. V. Jónsson

gegn

Torfa Jónssyni í Hákonarbæ.

Dómur:

Í ágústmánuði, í sumar sem leið, samdi Jón Ó. V. Jónsson, verzlunarstjóri hjer í bænum við Torfa bónda Jónsson í Hákonarbæ um að sækja fyrir sig sjóveg upp á Kjalarnes 40 hesta af útheyi, og flytja þá til Reykjavíkur, án þess þó að tekið væri fram, hve mikla borgun Torfi ætti að fá fyrir heyflutninginn. Torfi fór síðan 2 ferðir upp á Kjalarnes á skipi sínu og flutti þaðan 40 hesta af heyi, er hann afhenti Jóni verzlunarstjóra. Þegar Torfi svo beiddist borgunar fyrir flutninginn, neitaði Jón að greiða borgun þá, er Torfi setti uppá, 16 kr. fyrir hvora ferð, eða alls 32 kr., og bar fyrir sig, að heybandið, einkum í síðari ferðinni, hefði verið svo smátt, að borgun sú, er Torfi heimtaði, næði engum sanni. Torfi kallaði þá Jón verzlunarstjóri fyrir sættanefnd, en Jón mætti ekki nje ljet mæta á fundinum, og tilkynnti heldur enginn forföll sín, og var málinu þá vísað til dóms og laga. Síðan höfðaði Torfi mál gegn Jóni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til lúkningar á ofanefndum 32 kr., og var dómur kveðinn upp í því máli 22. desbr. f. á. með þeim úrslitum, að Jón Ó. V. Jónsson verzlunarstjóri skyldi greiða Torfa Jónssyni 32 kr., og í málskostnað 14 kr., og þar á ofan í landssjóð 4 kr. fyrir óþarfa þætu. þessum dómi hefur Jón verzlunarstjóri nú áfryjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 28. janúar þ. á., og krafizt,

annaðhvort að verða dæmdur alsýkn af kœrum og kröfum hins stefnda, ellegar að eins dæmdur til að borga heyflutninginn eptir óvilhallra dómkvaddra manna mati, og að málskostnaður annaðhvort verði dæmdur á stefnda eða látinn falla niður. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og sjer dæmdur hæflegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Eins og að framan er getið eru málspartarnir sammála um, að samningur þeirra um heyflutning þann, sem mál þetta er risið af, hafi að eins farið fram á, að hinn stefndi skyldi sækja fyrir áfrýjandann sjóleiðis upp á Kjalarnes 40 hesta af útheysi, en um borgunina hafi ekki verið samið, og heldur ekki virðast málspartarnir hafa talað neitt um, í hve mörgum ferðum heyið skyldi flutt, nje um stærð eða þyngd bagganna. Hinn stefndi hefur þess vegna haldið því fram, að hann geti sett upp á vinnu sína eins og honum lízt, og þar að auki hefur hann lagt fram vottorð frá 5 mönnum um, að hann opt hafi flutt fyrir þá hey ofanaf Kjalarnesi, og hafi þeir ávallt greitt honum 16 kr. fyrir hvern skipsfarm, er þeir álitu sanngjarnt; sömuleiðis hefur hann leitt vitni um það, að þegar hann flutti heyið fyrir áfrýjandann, hafi hann í báðum ferðum haft eins mikið á skipi sínu, eins og það tók. Áfrýjandinn hefur aptur á móti lagt fram vottorð 2ja manna um, að bandið á heyi því, sem hinn stefndi flutti fyrir hann, hafi verið mjög smátt; sömuleiðis hefur áfrýjandinn lagt fram skýrslu um þunga heysins og eptir hann vóg hver baggi upp og

niður 56 pund, en áfrýjandinn telur það ekki fullkomið meðalband, er heybagginn ekki vegur 80 pund.

Það er nú auðsætt, að áfrýjandinn ekki getur komizt hjá að greiða hinum stefnda sanngjarna borgun fyrir flutninginn á heyi því, er hinn stefndi sótti fyrir hann, og fær yfirdómurinn ekki betur sjeð, en að sú borgun, sem hinn stefndi hefur krafist, sje sanngjörn, enda hefur hinn stefndi með hinu framlagða 5 manna vottorði fært rök að því; og með því hann hefur sannað, að alfermi hafi verið á skipinu í hvorri ferð um sig, en sú mótbára áfrýjanda, að bandið hafi verið svo smátt, alls eigi getur komið til greina, þar sem ekkert var samið um stærð á því-afleiðingin af því að hinn stefndi hefði flutt stærra band, hefði einungis verið sú, að færri heyhestar hefðu komizt á skipið, og hinn stefndi því orðið að fara þriðju ferðina upp eptir eðlilega fyrir sjerstaka borgun-þá ber að dæma áfrýjandann skyldan til að greiða hinum stefnda samkvæmt kröfu hans, 32 krónur. — Að því er snertir málskostnað í hjeraði og sekt þá, sem áfrýjandanum er gjört að lúka til landssjóðs fyrir óparfa þrætu, ber, samkvæmt tilskip. 20. jan. 1797, 26. gr. og tilskip. 11. ágúst 1819 sbr. tilskipun 24. janúar 1838, 3. gr., að staðfesta bæjarþingsdóminn.

Málskostnað fyrir yfirdóminum virðist áfrýjandi eptir málavöxtum eiga að greiða hinum stefnda með 15 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. — Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrý-

landinn, Jón Ó. V. Jónsson, hinum stefnda,
Torfa Jónssyni, með 15 krónum.

Dóminn ber að fullnægja innan 8 vikna
frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 24/1881.

Th. Thorsteinsson

gegn

W. G. Spence Paterson

Dómur:

Með stefnu, dagsettri 7. októbermán. 1881, hefur Th. Thorsteinsson á Ísafirði stefnt fyrir yfirdóminn til staðfestingar dómi, sem kveðinn var upp í gestarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu 27. ágústmán. 1881 — en með þeim dómi var hinn stefndi W. G. Spence Paterson dæmdur til að greiða honum 346 kr. 80 auru með vöxtum 5% frá sáttakærudegi, 2. október 1879, þangað til greitt verður, og loks 30 kr. í málskostnað, — og krafizt, að gestarjettardómurinn verði staðfestur, og að gagnáfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað einnig fyrir yfirdómi, en að gagnsökinni verði vísað frá, og gagnáfrýjandinn sektaður fyrir frammistöðu sína. Á hinn bóginn hefur W. G. Spence Paterson gagnáfrýjað nefndum gestarjettardómi með stefnu, dagsettri 13. janúar þ. á., og krafizt, að hann verði sýknaður af öllum kærnum og kröfum aðaláfrýjandans í þessu máli, og aðaláfrýjandinn verði dæmdur til að endurgjalda honum allan af málinu í hjerði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað. Mál þetta er þannig vaxið, að Þorlákur kaupmaður Johnsen